



Ofbeldi gegn konum

Ofbeldi í samskiptum er flókið fyrirbæri þar sem margt spilar inn í. Það væri til að mynda mikil einföldun að afgreiða það með því að segja að konur séu „góðar“, og alltaf þolendur og að karlar séu „vondir“ og alltaf gerendur. Samkvæmt þessu ætti þá lausnin að felast í því að konan fari.

Heimilisofbeldi getur tekið á sig margvíslegar myndir og verið bæði líkamlegt og andlegt. Þess ber þó að geta að líkamlegt ofbeldi er alltaf andlegt um leið en andlegt ofbeldi er algengt án þess að líkamlegt ofbeldi fylgi.

Hvert einstakt samband er háð ákveðnu jafnvægi í samskiptum og lítið má stundum út af bera til þess að annar aðilinn fari ekki að misnota hinn og úr þróist ofbeldissamband.

Þegar verið er að fjalla um ofbeldi er í meirihluta tilvika átt við líkamlegt ofbeldi og er það skiljanlegt þar sem það er mun auðveldara í skilgreiningu og rannsókn heldur en ofbeldi sem eingöngu er andlegt.

Í skýrslu dómsmálaráðherra frá 1996 um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum kemur ýmislegt áhugavert fram um líkamlegt ofbeldi gegn konum. Fram kemur m.a. að árið 1995 hafi 350 konur á aldrinum 18-65 ára verið beittar ofbeldi einu sinni það árið af manni sínum, en það eru 4% kvenna í þessum aldurshópi.

Einnig kemur fram að um 750 konur í sama aldurshópi hafi mátt þola ofbeldi oftari en einu sinni af manni sínum það árið en það eru um 9% kvenna í aldurshópnum. Það að vera beittur ofbeldir oftari en einu sinni sama árið gefur vísbendingu um að þessar konur búi við ofbeldi.

Í sömu rannsókn kemur einnig fram að aðeins 14% kvennanna höfðu leitað aðstoðar Kvennaathvarfsins og að flestar voru ánægðar með þá þjónustu.

Niðurstöður sýna einnig að hærra hlutfall kvenna á Íslandi verða fyrir ofbeldi heldur en í Danmörku. Hvað útbreiðslu varðar þá er þarna eingöngu átt við líkamlegt ofbeldi og því má segja að útbreiðsla ofbeldis sé enn að stórum hluta óþekkt bæði hér á Íslandi sem og annars staðar þar sem kannanir á andlegu ofbeldi eingöngu eru mjög fátíðar.

Nauðsynlegt er að skilja á milli venjulegs „pirrings og ýmissa uppákoma“ sem eru eðlilegar í flestum samböndum og andlegs ofbeldis.

Andlegt ofbeldi verður ekki fyrr en sjálfsmynd konunnar fer að brotna niður og maður nýttir sér það sem stjórnþæki. Stjórnunin felst þá í því að maðurinn hefur meiri áhrif á líðan, hegðun og skoðanir konunnar en hún sjálf.

Af þeim konum sem leituðu aðstoðar í Kvennaathvarfinu árið 1996 höfðu 38% orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á móti 62% sem leituðu eingöngu aðstoðar vegna andlegs ofbeldis. Í 52% allra tilfella var gerandinn eiginmaður/sambýlismaður en í 29% þeirra var hann fyrrverandi eiginmaður/sambýlismaður. Af þessum má leiða líkur að ekki er skilnaður/sambúðarslit ein sér næg trygging að ofbeldi linni.

Ofbeldi þróast yfirleitt á þann veg að það verður tíðara, alvarlegra og getur lyktað með dauða. Því lengur sem kona býr við ofbeldi því meiri líkur er á alvarlegum áverkum bæði líkamlegum og andlegum. Í gegnum árin hafa komið í ljós atriði sem eru nokkuð sameiginleg og einkennandi fyrir konur sem búa við ofbeldi. M.a. hefur komið í ljós að:



- Konan fer að finna sárt fyrir niðurlægingu og skömm. Hún fer að líta á sig sem minna virði en aðra og að eitt-hvað sé athugasvert við sig e.t.v. að hún sé heimsk, ljót, vanhæf á flestum sviðum og að fátt sem hún geri sé rétt eða viðeigandi.
- Lífið einkennist af ótta, kvíða og tortryggni þar sem andrúmsloftið á heimilinu er stöðugt hlaðið spennu m.a. vegna yfirvofandi „árása“ sem hún reynir árangurslaust að koma í veg fyrir. Það hefur alvarleg áhrif á líðan og heilsu að hafa litla sem enga stjórn á eigin öryggi á eigin heimili. Á vissan hátt er því konan heimilislaus þar sem þar er ekki lengur að finna öryggi, skjól og vernd.
- Ruglun á raunveruleikaskynjun gerist þegar konan fer að efast um eigin upplifanir. Það sem hún skynjar segir maðurinn henni að sé „öðruvísi“ og að hennar túlkun sé röng. Konan fer smám saman að halda að eitthvað verulega mikið sé að sér, jafnvel geðveiki.

Ýmsar rannsóknir sýna að konur sem búa við ofbeldi leita marktækt meira í heilbrigðisþjónustuna en aðrir. Jafnframt er lyfjanotkun þeirra mun meiri og þá aðallega á geðdeyfðar-, svefn- og verkjalyfjum.

Samkvæmt hugmyndum læknisfræðinnar er tilhneiging til að líta á þá sem leita aðstoðar sem „sjúklinga“ og fá þeir meðhöndlun sem slíkir: Kona sem býr við ofbeldi og leitar aðstoðar í heilbrigðiskerfinu er því af sömu ástæðu talin „sjúklingur“ og meðhöndluð sem slík. Það yfirsést því oft að einkennin sem hún hefur eru „heilbrigð“ og „eðlileg“ einkenni konu sem býr við ópolandi aðstæður - en ekki „sjúkdómur“ sem ber að lækna og þá sé vandinn leystur. Einkenni sem konan leitar aðstoðar við eru margskonar m.a. líkamleg einkenni eins og höfuðverkur, svefntruflanir, þreyta, almennt slen, ýmis stoðkerfaeinkenni, meltingaróþægindi, átröskun og einkenni frá hjarta. Andlegu einkennin geta verið þunglyndi, kvíði, ótti, spenna, kynlífsvandamál, áráttaþráhyggjuhegðun, áfengis- og lyfjamisnotkun og sjálfsvígstilraunir.

Einnig kemur víða fram að kona í ofbeldi leitar mun oftar en aðrar konur með börn sín til læknis vegna heilsuvandamála barnanna.

Ef eingöngu er beitt læknisfræðilegri sýn á vandamál konunnar getur það þrengt verulega möguleika hennar á að fá frekar rauhæfa aðstoð. Einnig er töluverð hættu á að hún fari þá sjálf að líta á sig sem „sjúkling“ með „sjúkdóma“ og að þeir séu rótin að því að hún búi við ofbeldi. Ef þetta gerist, festist hún enn frekar í flóknu neti ofbeldisins, þar sem heilbrigðisstarfsfólk er þá farið að styrkja þau skilaboð sem maðurinn sendir henni, þ.e. að vandamálið sé að hún sé ekki „í lagi“ og allt verði gott ef hún „læknast“. Þegar svo er komið er leiðin út úr ofbeldinu vandfundin og í besta falli er stuðningur frá heilbrigðiskerfinu gagnslaus.

Konur sem búa við ofbeldi þróa oftast með sér ákveðnar aðlögunarleiðir til þess að „lifa af“ og reyna að gera afleiðingar ofbeldisins sem vægastar fyrir sig og börnin.

Konur sem leita til Kvennaathvarfsins nefna ýmsar aðlögunarleiðir, s.s. fara inn í ímyndunarheim þar sem „allt er í lagi“, reyna að „læra“ á manninn til að afstýra því að hann reiðist, ásaka aðra, telja að faðirinn, þó ofbeldisfullur sé, eigi rétt á að búa með fjölskyldu sinni. Leita til læknis, nota áfengi ótæpilega, nota róandi lyf, geðdeyfðar- og svefnlyf, halda heimilinu óaðfínanlegu, aðstoða aðra í þeirra erfiðleikum.

Nauðsynlegt er fyrir konur að finna að stuðningsaðilar hafi skilning á þessum leiðum en dæmi þær ekki hugsunarlaust sem „slæmar og óheilbrigðar“ því það eykur enn á niðurlæginguna og vanmáttinn.



Nokkuð er misjafnt eftir aldri kvenna hvað það er sem einkennir helst líf þeirra í ofbeldinu. M.a. samkvæmt reynslu af starfi í Kvennaathvarfi eru oft viðkvæmustu konurnar þær konur sem eru á barneignaraldri með ung börn. Þær eru oft illa haldnar af sektarkennd, kvíða og vanmætti um að geta ekki staðið sig sem mæður, verndað börn sín og veitt þeim viðunandi uppeldisskilyrði. Á móti geta þessar konur oft verið fljótar að átta sig á því við hvað þær búa og þannig byrjað að vinna sig úr ofbeldinu.

Langfjölmennasti hópurinn sem leitar sér aðstoðar í Kvennaathvarfinu er á þessum aldri eða um 80% (1996).

Eldri konur, sérstaklega þær sem búið hafa lengi við ofbeldi, eiga oft í meiri erfiðleikum, eru fastar í ofbeldisfarinu, oft bitrar og syrgja liðna ævi. Einnig eiga þær oft erfiðara með að koma auga á raunhæfa valmöguleika og að stíga fyrstu skrefin til að leita sér aðstoðar. Þær líta frekar á beiðni sína um stuðning sem veikleikamerki, að þær hafi „brugðist“ og að málin séu nú ekki „svo alvarleg“.

Góður stuðningur byggir á virðingu og jafnrétti, án dómhörku og forræðishyggju. Tilgangurinn er að konan endurheimti sjálfvirðinguna og stjórnina á eigin lífi og aðstæðum. Þetta gerir hún með því að vera studd til að átta sig sem best á stöðunni, við hvað hún hafi búið og hvaða valmöguleika hún hafi til að vinna sig útúr ofbeldinu. Það tekur mislangan tíma fyrir konu, sem búið hefur við ofbeldi að endurheimta andlegt og líkamlegt heilbrigði sitt að nýju. Konan verður aldrei söm, því ofbeldi er einfaldlega þannig reynsla. Reynsla sem með góðum stuðningi og tímanum getur orðið dýrmæt, þar sem konunni tekst að nýta hana til að auka persónulegt innsæi og innri styrk.

*Vilborg G. Guðnadóttir
Hjúkrunarfræðingur og
framkvæmdastjóri Kvennaathvarfs.
Júní 1997.*